

FUNDARGERÐ

234. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra var haldinn miðvikudaginn 7. febrúar 2024 í gegnum Teams.

Mætt

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Skarphéðinn Birgisson
Stefán Haukur Grímsson
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Jóhannes Haukur Hauksson
Oddgeir Sigurjónsson
Þórey Agnarsdóttir

Dagskrá

- Fundargerð síðasta fundar
- Hamragerði 15 á Akureyri, dagsektir vegna umgengni á lóð
- Kæra til úrskurðarnefndar Umhverfis-og auðlindamála
- Auto ehf.
- Drög að samþykkt um um hunda- og kattahald í Þingeyjarsveit
- Svifryk á Akureyri
- Umsagnir
- Útgefin starfsleyfi
- Staðfestar skráningar
- Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 233. fundar heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 13. desember sl. Þá var m.a. rætt um drög að verklagsreglum Akureyrarbæjar um aðgerðir gegn loftmengun utandyra og samþykkt að beita dagsektum til að knýja á um bættu umgengni á lóðinni við Hamragerði 15 á Akureyri.

Eftir að fundargerð hafði verið frágengin kom í ljós að ártal í bókun varðandi álagningu dagsekta hafði misritast. Að höfðu samráði við lögfræðing Akureyrarbæjar var því afraðið að falla frá innheimtu dagsekta og taka málið upp á ný á næsta fundi nefndarinnar.

2. Hamragerði 15 á Akureyri dagsektir vegna umgengni á lóð

Á 233. fundi Heilbrigðisnefndar þann 13. desember sl. var samþykkt að hefja innheimtu dagsekta þar sem lóðarhafi hafði ekki brugðist við fyrirmælum og bætt úr umgengni á lóðinni. Eftir að fundargerð hafði verið frágengin og undirrituð kom í ljós að ártal í bókun hafði misritast, ritað var 2023 í stað 2024. Að höfðu samráði við lögfræðing Akureyrarbæjar var því ákveðið að falla frá innheimtu dagsekta og taka málið upp á ný á vettvangi nefndarinnar.

Enn hefur ekki verið brugðist við ítrekuðum kröfum heilbrigðisnefndar um tiltekt á lóðinni og áfram berast kvartanir vegna umgengni á og við lóðina.

Heilbrigðisnefnd harmar þau mistök sem urðu við ritun og frágang fundargerðar 233. fundar. Jafnframt lýsir nefndin yfir vonbrigðum sínum með það að tiltekt á lóðinni við Hamragerði 15 skuli enn ekki vera lokið. Að mati nefndarinnar hafa ítrekuð tilmæli og væg þvingunarúrræði ekki skilað tilætluðum árangri og því nauðsynlegt að ganga harðar fram í þeim tilgangi að knýja fram úrbætur.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að leggja dagsektir á lóðarhafa að upphæð kr. 20.000,- á dag frá og með 26. febrúar 2024, vegna brots á 1. og 3. gr. samþykktar nr. 463/2002 um umgengni og þrífnað utan húss á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra með síðari breytingum, vegna brots á 1. mgr. 18. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og vegna brots á 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023. Ákvörðun um dagsektir er tekin í samræmi við 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3. Kæra til úrskurðarnefndar Umhverfis-og auðlindamála

Þann 13. desember sl. kærði húseigandi á Akureyri þá ákvörðun Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra (HNE) að veita Furu ehf. starfsleyfi fyrir móttöku og meðhöndlun á málmum og hjólbörðum til endurvinnslu að Óseyri 3 á Akureyri. Þess var krafist að ákvörðunin yrði felld úr gildi og að HNE yrði gert að greiða kæranda málskostnað við að hafa uppi í kærana. Jafnframt var þess krafist að starfsemin yrði stöðvuð á meðan málið væri til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni.

Í greinargerð HNE var kröfu um að starfsleyfið yrði felld úr gildi hafnað, enda var sú ákvörðun rétt að formi og efni að mati nefndarinnar. Kröfum um stöðvun starfseminnar og að HNE greiddi kostnað kæranda við að hafa uppi kærana var sömuleiðis hafnað. Bent var á að kærandi gæti ekki sýnt fram á að hann ætti lögvarða hagsmuna að gæta í málinu og þar af leiðandi bæri nefndinni að vísa málinu frá. Jafnframt var vakin athygli á að kærandi væri einn af eigendum fyrirtækis í samskonar rekstri og leyfishafi og að samkeppnisstaða ein og sér geti ekki verið grundvöllur kærnaðildar.

Úrskurðarnefndin tók kærana til meðferðar á fundi sínum þann 11. janúar sl. og komst að þeirri niðurstöðu að kærandi uppfyllti ekki skilyrði 3.mgr. 4.gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og málinu var því vísað frá.

4. Auto ehf.

Starfsleyfi Auto ehf. vegna reksturs bílapartasölu að Setbergi á Svalbarðsströnd er fallið úr gildi. Á lóð fyrirtækisins er talsvert magn ökutækja í misjöfnu ástandi auk gáma og annarra lausamuna. Til HNE hafa borist ábendingar varðandi umgengni og slæma ásýnd lóðarinnar. Þá hefur ökutækjum í eigu fyrirtækisins um allnokkurt skeið verið komið fyrir víðsvegar innan bæjarmarka Akureyrar, í mörgum tilfellum án vitundar eða leyfis bæjaryfirvalda eða lóðarhafa. Í janúar sl. voru 7 ökutæki í eigu fyrirtækisins tekin í vörslu Akureyrarbæjar að undangenginni aðvörun með álímingarmiða. Þá hefur HNE haft afskipti af númerslausum ökutækjum í eigu Auto ehf. bæði í Þingeyjarsveit og í Hörgársveit.

Heilbrigðisnefnd bendir á að starfsemi fyrirtækisins að Setbergi á Svalbarðsströnd er án starfsleyfis og því óheimil skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðisnefnd fer fram á að fyrirtækið hefji nú þegar tiltekt á lóðinni og að forgangsverkefni verði að fjarlægja ökutæki og aðra lausamuni sem blasa við frá þjóðvegi. Að mati nefndarinnar þarf Auto ehf. að taka upp verklag sem tryggir að ökutæki á þess vegum séu geymd á til þess ætluðum svæðum á vegum fyrirtækisins.

5. Drög að samþykkt um um hunda- og kattahald í Þingeyjarsveit

Lögð fram drög að samþykkt um um hunda- og kattahald í Þingeyjarsveit.

Heilbrigðisnefnd samþykkir drögin fyrir sitt leyti og vísar þeim til afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi 2. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. Svifryk á Akureyri

Það sem af er ári hefur sólarhringsmeðaltal svifryks einu sinni farið yfir heilsuverndarmörk sem eru 50 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ en þann 15. janúar fór styrkur svifryks hæst í 411 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ kl. 5 síðdegis og sólarhringsmeðaltalið mældist 92,9 $\mu\text{g}/\text{m}^3$. Þann sama dag sendi Akureyrarbær frá sér viðvörun í samræmi við nýlega samþykktar verklagsreglur um aðgerðir gegn loftmengun utandyra. Ekki var talið ráðlagt að rykbinda götur þann dag vegna mikils frosts.

Að mati heilbrigðisnefndar hefur mikilvægi verklagsreglnanna þegar komið í ljós en afar mikilvægt er að sendar séu út viðvaranir til íbúa þegar fyrirséð er að styrkur svifryks fari yfir viðmiðunarmörk.

Þá ítrekar nefndin fyrri bókanir um að gögn úr svifryksmælum í eigu Akureyrarbæjar verði gerð aðgengileg þannig hægt verði að fylgjast með svifryksmengun víðar í bænum.

7. Umsagnir

1. Skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna áforma um efnisnám við Hálsá.
2. Skipulagslýsing vegna íbúðarsvæðis við Ytri-Varðgjá í Eyjafjarðarsveit.
3. Breyting á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps, vegna frístundabyggðar við Sunnuhlíð.
4. Rammahluti aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps-Próun byggðar í Vaðlaheiði.
5. Rammahluti aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar-Próun byggðar í Vaðlaheiði.
6. Deiliskipulag fyrir Bakkafjarðarhöfn.
7. Deiliskipulag Laxárstöðva.
8. Nýtt aðalskipulag Þingeyjarsveitar.

8. Útgefin starfsleyfi

1. Heimkaup ehf. kt. 430910-0190, Kaupangi v/Mýrarveg, 600 Akureyri, matvöruverslun.
2. SPOEX Samtök psoriasis- og exemsjúklinga kt. 680177-0239, Læknastöðin Akureyri, 600 Akureyri, UVA og UVB ljósmeðferð fyrir psoriasis- og exemsjúklinga.
3. Grýtubakkahreppur kt. 580169-2019, Miðgörðum, 610 Grenivík, Íþróttamiðstöð, sundlaug og Íþróttasalir.
4. Slaká Ak ehf. kt. 530421-0900, Hafnarstræti 23, 600 Akureyri, sala á gistingu án veitingasölu.
5. Hér um bil ehf. kt. 660822-0970, Furulundur 35, 600 Akureyri, farandsala á sælgæti.
6. Stella Marín Guðmundsdóttir kt. 030600-2310, Geislagata 14, 600 Akureyri, naglaásetning, gelneglur, augnháralengingar. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
7. Akfest ehf. kt. 691020-0530, Tryggvabraut 22, 600 Akureyri, veitingastaður.
8. Samherji Ísland ehf. kt. 440400-4340, Ránarbraut 5,7 og 8, 620 Dalvík, heitloftspurrkun fiskafurða.
9. Eyjafjarðarsveit kt. 410191-2029, Leikskólinn Krummakot v/Laugartröð, 605 Akureyri, leikskóli.
10. Mötuneyti MA kt. 700575-0479, Hringteigi 2, 600 Akureyri, rekstur sjoppu og mötuneytis nemenda og kennara í VMA.

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.

9. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar vegna eftirtalinnar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022:

1. Valva ehf. kt. 460207-2070, Aðalstræti 9, 600 Akureyri, nuddstofa.
2. Karlmenn ehf. kt. 521023-1390, Tryggvabraut 22, 600 Akureyri, hársnyrtistofa.
3. Tannlæknir Rist ehf. kt. 480917-0810, Kaupangi v/Mýrarveg, 600 Akureyri, tannlæknastofa.
4. Míla hf. kt. 460207-1690, Hreiðarsstaðir lóð Dalvíkurbyggð, 621 Dalvík, niðurrif mannvirkja.
5. ÁK smíði ehf. kt.45040-42840, leyfi til að fjarlægja asbest úr eldhúsi skíðaskálans í Hlíðarfjalli.

6. Ísfélag hf. kt. 660169-1219, niðurrif syðsta hluta iðnaðarhússins að Eyrarvegi 3 á, 680 Þórshöfn.
7. GPG Seafood ehf. kt. 551203-2470, Suðurgarður 4-8, 640 Húsavík, vinnsla fisks og annarra sjávarafurða.

10. Önnur mál

Næsti fundur er áætlaður í byrjun apríl

Fundi slitið kl. 13:55

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Stefán Haukur Grímsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Heilbrigðisfulltrúi
Þórey Agnarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi
Jóhannes Haukur Hauksson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Skarphéðinn Birgisson